

## Sjötti fundur skólanefndar þann 13. júní í Framhaldsskólanum á Húsavík kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Pétur Bergmann Árnason, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediktsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir boðaði forföll.

Alma Dröfn Benediktsdóttir ritaði fundinn.

### **1. Skólastarfið seinni hluta vorannar**

Skólinn tók þátt í Vetrarhátíð við Mývatn í byrjun mars og var framlag skólans að nemendum undir stjórn Freydísar Önnu kennara kenndu gestum og gangandi nýja og gamla dansa. Einnig var leikritið Gauragangur sýnt fjórum sinnum á meðan vetrarhátíð stóð en nemendur skólans fóru með burðarhlutverkin í því leikriti.

Tónkvíslin var haldin 11. mars og gekk vel að venju. Nemendur sáu um allt sem viðkemur Tónkvísl undir stjórn Andra Hnikarrs kennara og varð húsfullir. Framkvæmdastýrur Tónkvíslar voru Nikola María Halldórsdóttir og Jasmín Eir Eggertsdóttir. Fjölmargir stigu á svið bæði í grunnskóla- og framhaldsskólakeppninni og stóðu sig vel. Sigurvegari framhaldsskólakeppninnar var Hrólfur Jón Pétursson og grunnskólakeppninnar Alexandra Hermóðsdóttir frá Þingeyjarskóla.

Á sumardaginn fyrsta var skólinn með opið hús og fór dagskráin að mestu fram í íþróttahúsinu. Þar voru nemendur með ýmsar uppákomur og kynningar tengdar náminu auk þess sem þeir skemmtu gestum á hálf tíma fresti með söng. Einnig var spákona á staðnum og börn fengu að fara á hestbak. Skoðunarferðir með leiðsögn um svæðið voru á heila og hálfá tímanum og öllum var boðið upp á kaffi í matsal skólans. Börn gátu líka tekið þátt í ratleik. Veðrið lék við okkur og sóttu um 400 manns staðinn heim.

Í lok apríl og byrjun maí tók skólinn á móti eldri borgurum sem voru í skemmtivíku í Mývatnssveit, þeim var boðið upp á kaffi og fengu leiðsögn um skólann.

Olga Hjaltalín heimavistarstjóri, Eygló náms- og starfsráðgjafi og Sigurbjörn Árni skólameistari fóru á stóru framhaldsskólakynninguna í Laugardalshöll í lok mars og kynntu þar skólann fyrir grunnskólanemum, þeim til aðstoðar voru fyrrverandi nemendur skólans. Auk þess voru allir skólar á Suðurnesjum og Austfjörðum heimsóttir með kynningu á skólanum. Síðuskóli og Naustaskóli komu í heimsókn í Laugar og aðrir grunnskólar á Akureyri voru sóttir heim með kynningu.

Að venju var ýmis fræðsla á vorönninni, þar á meðal var sýningin Góðan daginn Faggi auk námskeiða í sjálfstyrkingu kvenna, svefni og kvíða.

### **2. Uppgjör vorannar**

Raunmæting í skólann var 87,5%, óútskýrð fjarvera var 6,8%, 4,2% veikindi og 1,0% leyfi. Meðaleinkunn annarinnar var 7,27 og hefur aldrei verið betri á vorönn. Að meðaltali voru 19,1 nemandi í hóp. Brottfall úr áfanga var óvenju lágt eða 2,9% auk þess sem tveir nemendur hættu á önninni sem er meira en venjulega. Nefndin vill lýsa yfir ánægju sinni með góðan árangur.

### **3. Útskrift**

Þann 18. maí voru 26 nemendur brautskráðir frá skólanum. Vel var mætt á athöfnina eða um 400 manns og að þessu sinni töluðu fulltrúar átta eldri útskriftarárgangan auk þess sem fulltrúi eins árs nemenda hélt tölu í morgunverði fyrir útskriftarefni og eins árs stúdenta fyrir um daginn. Fimm nemendur brautskráðust af íþróttabraut, 11 af félagsvísindabraut, þrjár af kjörsviðsbraut, sex af náttúruvísindabraut og einn útskrifaðist bæði af íþrótt- og náttúruvísindabrautum. Dúx var Nikola María Halldórsdóttir með 9,16 í meðaleinkunn og semidúx var Ólöf Jónsdóttir með 9,02 í meðaleinkunn. Skólaþegn skólaársins var Sigurrós

Birta Jóhannsdóttir stúdent á félagsvísindabraut. Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir kennari og Ingólfur Víðir Ingólfsson húsbóndi fengu gullmerki skólans fyrir 20 ára starf við skólann.

#### **4. Umsóknir**

Skólanum bárust 36 umsóknir í fyrsta val beint úr 10. bekk og 33 í annað val. Þetta er aukning um 6 nemendur í fyrsta val frá síðasta vori. Af núverandi nemendum sóttu 68 um skólavist og var 67 boðin skólavist en einn hefur afþakkað hana. Þá sóttu um 13 nemendur sem hafa verið í öðrum skólum eða tekið námshlé og hefur þremur þeirra þegar verið boðin skólavist og þremur hafnað en aðrir verða að bíða þar til inntöku 10. bekkinga er lokið.

#### **5. Græn skref**

Skólinn tók sitt annað græna skref þann 19. apríl og eru það Bjarney Guðrún verkefnastjóri framhaldskóladeildarinnar á Vopnafirði og Guðný kennari sem bera veg og vanda af því skrefi.

#### **6. Jafnlaunavottun**

Í lok apríl fór skólinn í gegnum tveggja daga endurvottun á jafnlaunakerfi- og stefnu skólans. Fimm minniháttar ósamræmi fundust auk tveggja athugasemda sem voru gerðar og bent var á eitt tækifæri til umbóta. Úr öllu hefur verið leyst og hefur skólinn fengið vottun frá Versa Vottun. Óútskýrður kynbundinn launamunur á árinu 2022 var 0,33% körlum í óhag.

#### **7. Skóladagatal**

Sigurbjörn fór yfir skóladagatal FL skólaárið 2023-2024. Skólasetning verður sunnudaginn 27. ágúst. Jólafri hefst 15. desember og skóli hefst aftur 8. janúar. Páskaleyfi verður frá 22. mars til og með 7. apríl og brautskráning verður 18. maí 2024. Að venju verða haustfrí og vorfrí. Stærsta breytingin er sú að Tónkvíslin færist frá vorönn til haustannar og er áætluð 25. nóvember. Að sama skapi færist þá árshátíðin af haustönn yfir á vorönn og er áætluð 9. mars.

#### **8. Starfsmannamál**

Arnór Benónýsson kennari hefur sagt starfi sínu lausu en hann verður sjötugur á næsta ári. Ingólfur Víðir Ingólfsson húsbóndi hefur einnig sagt starfi sínu lausu. Báðir hafa þeir starfað við skólann í yfir 20 ár og þakkar skólanefnd þeim fyrir vel unnin störf í þágu skólans. Margrét Guðmundsdóttir sem leysti Arnór af síðastliðinn vetur mun halda áfram að kenna við skólann og fylla skarð Arnórs. Starf Ingólfs Víðis hefur verið auglýst og er umsóknarfrestur til og með 22. júní.

Einn sumarstarfsmaður hefur aukinheldur verið ráðinn til að sinna slætti og annarri umhirðu lóðar.

#### **9. Fjármál**

Ekki hefur verið gengið frá ársreikningi skólans fyrir árið 2022 og liggur hann hjá fjársýslunni til endanlegrar samþykktar.

Ársreikningar Mötuneytis FL og Framkvæmdasjóðs 2022 liggja ekki fyrir.

Skólinn fékk í byrjun júní 1,6 m.kr. fyrir aukinn stuðning í náms- og starfsráðgjöf og sálfræðiþjónustu vegna Covid-19. Um einskiptisaðgerð er að ræða og skólinn hefur þegar aukið bæði náms- og starfsráðgjöf sem og sálfræðiþjónustu frá því fyrir heimsfaraldurinn.

#### **10. Framkvæmdir**

Búið er að skipta um klósett í öllum herbergjum Tröllasteins sem og að leggja parket á herbergin á efstu hæð auk málningaframkvæmda í herbergjum heimavista.

Verið er að laga múrhúð á norðurgafli suðurálmu Gamla skóla.

Hafnar eru framkvæmdir við Tjörnina og búið að fjarlægja talsvert af trjám. Reiknað er með að verkinu ljúki í sumar.

Teikningar af fyrirhuguðum breytingum á Dvergasteini liggja fyrir og stefnt er að fara í þær í byrjun árs 2024.

#### **11. Aldarafmæli skólans**

Laugaskóli verður 100 ára fyrsta vetrardag 2025. Ákveðið að skipa afmælisnefnd.

**12. Næsti fundur skólanefndar**

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 12. september 2023.

**13. Önnur mál**